

**Nd.**

**550. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 24 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsa-  
meistara eða iðnfræðinga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

**1. gr.**

Orðið „(ingeniör)“ í 1. gr. laganna falli burt.

**2. gr.**

- a. Í stað orðanna „stéttarfélag verkfræðinga hér á landi“ í fyrstu málsgr. 2. gr. laganna komi: Háskóli Íslands.
- b. 2. mgr. sömu lagagreinar orðist svo:

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf fyrir 13. júní 1937, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar.

**3. gr.**

Í stað orðanna „stéttarfélag húsameistara hér á landi“ í fyrstu málsgrein 4. gr. laganna komi: Háskóli Íslands.

**4. gr.**

Í stað orðanna „stéttarfélagi iðnfræðinga þeirrar greinar“ o. s. frv. til enda fyrri málsgreinar 6. gr. laganna komi: Háskóla Íslands.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.